

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Bláskógabyggð.

Í samræmi við þágildandi skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 hefur sveitarstjórn Bláskóga-
byggðar samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsbreytingu:

Breyting á deiliskipulagi frístundabyggðar í landi Efri-Reykja.

Í breytingunni felst endurskoðun á skipulagi eldra hverfis þar sem allar lóðirnar hafa verið
mældar upp og hnitsettar. Skilmálum er breytt til samræmis við aðliggjandi hverfi og lóðum fjölgar.
Frístundahús mega vera allt að 150 m² og geymsla/gestahús allt að 25 m² en hámarksnýtingarhlutfall
er 0,03. Hámarksmanishæð frá gólfplötu er 6,5 m og þakhalli má vera á bilinu 15-45 gráður.

Samþykkt í sveitarstjórn 23. júní 2011.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem þágildandi skipulags- og bygg-
ingarlög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 31. október 2011.

Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnessýslu og Flóahrepps,

Pétur Ingi Haraldsson.

B-deild – Útgáfud.: 15. nóvember 2011